

EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxar fiskeldi ehf. Reyðarfjörður (ytra svæði)



Dags eftirlits	12.12.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Laxar fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Akralind 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	450220-1400	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ólöf Rún Stefánsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirliti sem varðar skil á ársyfirliti og grænu bókhaldi. Engar ábendingar komu fram við eftirlit.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða fiskeldisstöð Laxa í utanverðum Reyðarfirði. Fiskeldisstöðin er með leyfi fyrir eldi á laxi í sjókvíum á fjórum eldissvæðum, Hafranesi, Rífskeri, Kolmúla og Vattarnesi. Heimildin tekur til eldis laxi að hámarki 10.000 tonn af lífmassa á hverjum tíma.

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladag skv. því. Tvö frávik voru skráð í eftirlitsskýrslu árið 2021 er varða staðsetningu eldissvæði og tilkynningaskyldu rekstraraðila. Frávikunum hefur verið lokað.

Allar áætlanir eru vistaðar í gæðakerfi rekstraraðila og eru aðgengilegar starfsmönnum þar. Fóðurgjöf er sjálfvirk og myndavélakerfi í kvíum sem tengist stjórnstöð.

Áhættumat 2022 fyrir tíðni eftirlits 2023 kynnt.

Farið var yfir umfang eldis fyrir árið 2021, lífmassi á hverjum tíma var undir hámarks leyfilegum lífmassa sem er 10.000 tonn. Engin fiskur er í Hafranesi og Kolmúla. Sett var út í Vattarnes á síðasta ári. Engum fiski var slátrað á árinu.

Við skoðunarferð að kvíum var engan fugl að sjá en þrjár til fjórar marglyttur sáust við kvíarnar.

Meltutankur er um borð í fóðurpramma og er notast við maurusýru til að útbúa meltu úr dauðfiski. Sýrubambi um borð í fóðurpramma við Vattarnes var í viðeigandi lokuðu skýli sem er með varúðamerkingum. Meltan er send til Hordafor í Noregi.

Heimild til álagninga stjórnvaldssekta kynnt fyrir rekstraraðila.

Í niðurstöðum nærsvæðisvöktunar sem skilað var inn í desember 2022 kemur fram að ástand fiskeldissvæðisins við Vattarnes við hámark lífmassa var í heildina *mjög gott* en eitt sýni fékk einkunina 3 (slæmt) út frá mælingum og skynmati. Mælingar á redox gildum gáfu til kynna að ástand setsins væri lakara en í bakgrunnsathugunum og að lækkum var á pH gildum milli hámarks lífmassa og bakgrunnsathugunum sem gerir aðstæður fyrir botnhryggleysingja á svæðinu verri.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

Gr. 4.2 í starfsleyfi

Ársyfirliti var ekki skilað fyrir 1. maí 2022, því var skilað 3. maí og er lokað

11.gr. reglugerðar nr. 851/2002

Grænu bókhaldi var ekki skilað fyrir 1. maí, því var skilað 3. maí og er lokað.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar var sett fram í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.12.2022

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir

